

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 1

32. árgangur

9.1.2025

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2025/EES/1/01	Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 3/2024/SC frá 11. júní 2024 um að ráðstafa innheimtum á umframlosunargjöldum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631	1
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2025/EES/1/02	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 123/24/COL	3
	3. EFTA-dómstóllinn	
2025/EES/1/03	Beiðni áfrýjunardómstóls Borgarting (Borgarting lagmannsrett) dagsett 19. ágúst 2024 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli norska ríkisins gegn Greenpeace Nordic, Náttúru og æsku Noregi (Natural og Ungdom Norge) (Mál E-18/24)	4
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/1/04	Upphaf málsmeðferðar (mál M.11539 – LIBERTY MEDIA/DORNA SPORTS)	5
2025/EES/1/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11764 – DP WORLD/ARCESE/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2025/EES/1/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11789 – APOLLO/BARNES GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2025/EES/1/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11808 – PERMIRA/BASICNET/K-WAY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2025/EES/1/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11816 – OTTP/NORDIC CAPITAL XI/MAX MATTHIESSEN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2025/EES/1/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11855 – MACQUARIE/DOW/DOW INFRACO JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2025/EES/1/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11457 – HPE/JUNIPER)	11
2025/EES/1/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11488 – NEXANS/GRUPPO LTC)	11
2025/EES/1/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11669 – SHELL GROUP/PAVILION)	12
2025/EES/1/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11679 – APOLLO/CLESSIDRA/HUMAN COMPANY/HU HOLDING JV)	12
2025/EES/1/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11724 – SCHWENK/GOLDBECK/CONFINITY JV)	13
2025/EES/1/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11765 – SEGRO/PSPIB/REGENSBURG ASSET)	13
2025/EES/1/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11770 – TPG/GA/MR MALLOUK/CREATIVE PLANNING)	14
2025/EES/1/17	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Breytingar á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug	15
2025/EES/1/18	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir	16
2025/EES/1/19	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti sem gilda frá 1. janúar 2025	17
2025/EES/1/20	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir	19

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA

2025/EES/1/01

nr. 3/2024/SC frá 11. júní 2024

um að ráðstafa innheimtum á umframlosunargjöldum í samræmi við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum lið 21az XX. viðauka hans,

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2020 frá 23. október 2020 sem fellir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutækni og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 ⁽¹⁾ inn í EES-samninginn,

einkum með vísan til aðlögunartexta i), j) og k) sem um getur í lið 21az í XX. viðauka við EES-samninginn,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, skal framkvæmdastjórnin leggja umframlosunargjald á framleiðendur eða samlagsstjóra nýrra bifreiða og nýrra, léttra atvinnuökutækja.
- Í samræmi við 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631 Evrópusambandið, eins og hún er felld inn í EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin nota leiðir sem hún hefur ákvarðað til þess að innheimta umframlosunargjöld skv. 1. mgr. 8. gr., einnig í tengslum við skráningar í EFTA-ríkjunum á framleiðendum með staðfestu í Evrópusambandinu.
- Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, eins og hún er felld inn í EES-samninginn, skal upphæðum umframlosunargjaldsins dreift milli framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA í réttu hlutfalli við skráningu fjölda nýrra fólksbifreiða eða nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru í Evrópusambandinu eða EFTA-ríkjunum, hvorum um sig, samanborið við heildarfjölda nýrra fólksbifreiða eða nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráðar eru á EES-svæðinu.
- Í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, eins og hún hefur verið felld inn, skulu EFTA-ríkin ákvarða úthlutun upphæða umframlosunargjalds fyrir EFTA-ríkin.
- Því er nauðsynlegt fyrir fastanefnd EFTA-ríkjana að ákvarða úthlutun upphæða umframlosunargjalds sem renna til EFTA-ríkjana.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

- Umframlosunargjöldum sem renna til EFTA-ríkjana í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, eins og hún er felld inn í EES-samninginn, skal dreift milli EFTA-ríkjana í réttu hlutfalli við skráningu fjölda nýrra fólksbifreiða eða nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð eru í

(1) Stjóð. ESB L 111, 25.4. 2019, bls. 13.

hverju EFTA-ríki fyrir sig, samanborið við heildarfjölda nýrra fólksbifreiða eða nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráðar eru í viðkomandi EFTA-ríkjum.

2. Umframlosunargjöldum sem renna til EFTA-ríkjanna skal dreift til EFTA-ríkjanna samkvæmt þessari aðferð þar til þessi ákvörðun er felld úr gildi.

2. gr.

Birting

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Ákvörðun þessi öðlast gildi án tafar.

Gjört í Brussel 11. júní 2024.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður

Kristján Andri Stefánsson

Framkvæmdastjóri

Siri Veseth Meling

* * * * *

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2025/EES/1/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	29. ágúst 2024
Málsnúmer	92535
Ákvörðun	123/24/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill (og/eða heiti styrkþega)	Breytingar á framleiðslustyrkjakerfi fyrir fréttá- og fréttatengda miðla 2023-2029
Lagastoð	Lög nr. 153 frá 18. desember 2020 um efnahagslegan stuðning við fjölmiðla og reglugerð um framleiðslu- styrki fyrir fréttá- og fréttatengda miðla
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Fjölbreytni og fjölbreytni fjölmiðla
Aðstoðarform	Styrkur
Fjárhagsáætlun	400 milljónir NOK árlega
Gildistími	Til 1. janúar 2029
Atvinnugreinar	NACE 58.12 – útgáfa dagblaða
Heiti og póstaritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Medietilsynet Nygata 4 1607 Fredrikstad Norway

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni áfrýjunardómstóls Borgarting (Borgarting lagmannsrett) dagsett
19. ágúst 2024 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli norska ríkisins
gegn Greenpeace Nordic, Náttúru og æsku Noregi (Natural og Ungdom Norge)
(Mál E-18/24)

2025/EES/1/03

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá áfrýjunardómstóli Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) dagsett 19. ágúst 2024, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 2. september 2024, með beiðni um ráðgefandi álit í máli *norska ríkisins* gegn *Greenpeace Nordic, Náttúru og æsku Noregi (Natural og Ungdom Norge)*, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

- Ef framkvæmd er tilgreind í 14. lið I. viðauka við tilskipun 2011/92/ESB, er losun gróðurhúsalofttegunda sem kemur frá unninni jarðolíu og jarðgasi, „umhverfisáhrif“ framkvæmdarinnar samkvæmt 1. mgr. 3. gr.?
- Sé svarið við spurningu 1 jákvætt, er þá landsdómstól skylt samkvæmt 3. gr. EES-samningsins, að því marki sem unnt er samkvæmt landslögum, að koma í veg fyrir ólögmætar afleiðingar leyfis sem var veitt til framkvæmda án þess að áður hafi farið fram mat á þessum umhverfisáhrifum?
- Sé svarið við spurningu 2 jákvætt og landslög heimila ógildingu og/eða niðurfellingu ólögmæts leyfis, getur landsdómstóll veitt afturvirka undanþágu frá þeirri skyldu að meta þessi áhrif samkvæmt 1. mgr. 3. gr. ef sýnt er fram á að annmarkinn hafi ekki haft áhrif á niðurstöðu ákvarðanatökuferlisins?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Upphaf málsmeðferðar

2025/EES/1/04

(mál M.11539 – LIBERTY MEDIA/DORNA SPORTS)

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. desember 2024 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hinn tilkynnti samruni væri samrýmanlegur innri markaðinum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinum tilkynnta samruna og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin beinir því til þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta að koma á framfæri athugasemdum sem þeir kunna að hafa um fyrirhuguð viðskipti.

Svo unnt sé að taka fullt tillit til athugasemda á meðan á málsmeðferðinni stendur verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá birtingu í [Stjtið. ESB C, C/2025/295, 7.1.2025](#). Þær má senda með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.11539 – LIBERTY MEDIA/DORNA SPORTS, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/1/05

(mál M.11764 – DP WORLD/ARCESE/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. desember 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- DP World Logistics Europe B.V. (Niðurlöndum), sem lýtur yfirráðum DP World Limited („DP World“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum)
- Arcese Trasporti S.p.A. (Ítalíu), sem lýtur yfirráðum Arcese Holding S.p.a di Eleuterio Arcese e C („Arcese“, Ítalíu)

DP World og Arcese ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu félagi („JV“).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- DP World: fjölþjóðlegt flutningafyrirtæki sem rekur farmstöðvar í höfnum og aðra hafnarinnviði um allan heim. DP World starfar einnig við ýmiss konar flutninga, fraktflutningaþjónustu og flutningastarfsemi, þar á meðal gáma- og farmafgreiðslu, og rekstur vöru- og farþegaflutningaferja.
- Arcese: annast fjölþjóðlega flutnings- og vöruferlisþjónustu sem starfar um allan heim og starfar fyrst og fremst við samningsbundna vöruferlisstjórnun, vöruflutningaþjónustu á vegum, vöruflutninga í lofti og á sjó auk þess að fást við fasteignastarfsemi.

3. Starfsemi hins sameiginlega félags (JV) verður sem hér segir: að annast flutningaþjónustu fyrir íhluti í bifreiðar í Frakklandi og Póllandi.
4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 3.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11764 – DP WORLD/ARCESE/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11789 – APOLLO/BARNES GROUP)

2025/EES/1/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. desember 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Apollo Global Management, Inc. („Apollo“, Bandaríkjunum)
- Barnes Group Inc. („Barnes“, Bandaríkjunum)

Apollo öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Barnes í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Apollo stýrir fjárfestingum í sérhæfðum eignum um allan heim og býður einstaklingum og stofnanafjárfestum upp á fjárfestingarstýringar- og fjárhagsáætlunarþjónustu. Apollo stjórnar m.a. þremur eignasöfnum: Arconic, sem er alþjóðlegur álframleiðandi, Tenneco, sem er framleiðandi íhluta í vélknúin ökutæki og ABC Technologies, sem er framleiðandi íhluta í bifreiðar.
- Barnes er almenningshlutafélag sem skráð í kauphöllinni í New York. Um er að ræða alþjóðlegan iðnaðartækni- og flugvélaframleiðanda og þjónustuveitanda. Flug- og geimferðadeildin leggur áherslu á afhendingu íhluta og samsetninga til upprunalegra viðskiptavina sem framleiða búnað, sem og þjónustu á eftirmarkaði. Iðnaðarsviðið leggur áherslu á framboð á mótunarlausnum, sjálfvirknivörum og hreyfistjórnunarlausnum, þar á meðal iðnaðarbúnaði, sjálfvirkni, persónulegri umhirðu, umbúðum, raftækjum, hreyfanleika og lækningatækjum.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 23.12.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11789 – APOLLO/BARNES GROUP

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2025/EES/1/07****(mál M.11808 – PERMIRA/BASICNET/K-WAY)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. desember 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Permira Holdings Limited („Permira“, Guernsey)
- BasicNet S.p.A. („BasicNet“, Ítalíu), sem endanlega lýtur yfirráðum hr. Marco Boglione
- K-Way S.p.A. („K-Way“, Ítalíu), sem lýtur sem stendur yfirráðum BasicNet

Permira og BasicNet öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir K-Way.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Permira er fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum hlutabréfum, í gegnum dótturfyrirtæki sín og tengd fyrirtæki, og annast fjárfestingarstýringarþjónustu fyrir fjölda fjárfestingarsjóða. Permira hefur endanleg yfirráð yfir ýmsum framtaks-sjóðum, þar á meðal eignasöfnum sem starfa í ýmsum lögsögum um allan heim.
 - BasicNet er ítalskt fyrirtæki sem lýtur yfirráðum hr. Marco Boglione sem sérhæfir sig í þróun og markaðssetningu á fatnaði, skóm og fylgihlutum. BasicNet, í gegnum dótturfyrirtæki í fullri eigu, er með starfsemi í ýmsum lögsögum um allan heim og starfar í gegnum net leyfishafa undir þekktum vörumerkjum með áherslu á vörumerkjastjórnun, vöruhönnun og dreifingu á heimsvísu. K-Way er dótturfélag alfarið í eigu BasicNet sem á alþjóðlegt fatavörumerki sem er stofnað í Frakklandi og með höfuðstöðvar á Ítalíu. Það sérhæfir sig í hönnun og sölu á yfirfatnaði og fylgihlutum og starfar í gegnum vefsíðu sína, smásöluverslanir og heildsölu- og smásöludreifingarkerfi í ESB og víðar.
3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 6.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11808 – PERMIRA/BASICNET/K-WAY

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11816 – OTPP/NORDIC CAPITAL XI/MAX MATTHIESSEN)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2025/EES/1/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. desember 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Octavius Holdco Limited (Bretland), sem lýtur yfirráðum Ontario Teachers' Pension Plan Board („OTPP“, Kanada)
- Nordic Capital XI Limited („Nordic Capital XI“, Jersey) sem tilheyrir samstæðu sjóða og fyrirtækja Nordic Capital („Nordic Capital“, Jersey)
- LJO 1 AB, ásamt dótturfélögum sínum („Max Matthiessen“, Svíþjóð)

OTPP og Nordic Capital ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir Max Matthiessen í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- OTPP er fyrirtæki með aðsetur í Kanada sem stýrir greiðslu lífeyrisbóta og fjárfestingu eigna lífeyrissjóða fyrir hönd starfandi kennara og kennara sem eru komnir á eftirlaun í Ontario-sýslu í Kanada.
- Nordic Capital er einkahlutafélag í Jersey sem fjárfestir í stórum og meðalstórum fyrirtækjum í ýmsum geirum eins og heilbrigðisþjónustu, tækni og greiðslumiðlun, fjármálaþjónustu og í minna mæli neytenda- og iðnaðar- og viðskiptaþjónustu með áherslu á Evrópu.
- Max Matthiessen starfar aðallega innan váttryggingamiðlunar, eignar- og auðstýringar og tengdrar þjónustu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 10.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11816 – OTPP/NORDIC CAPITAL XI/MAX MATTHIESSEN

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11855 – MACQUARIE/DOW/DOW INFRACO JV)

2025/EES/1/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. desember 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Dow Inc. („Dow“, Bandaríkjunum)
- InfraPark Holdings, LLC („InfraPark“, Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum Macquarie Group Limited („Macquarie“, Ástralíu)
- Dow InfraCo LLC („InfraCo“, Bandaríkjunum), sem lýtur sem stendur yfirráðum Dow

Dow og Macquarie öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir InfraCo.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Dow: er efnafyrirtæki með fjölbætta starfsemi og eru höfuðstöðvar þess í Bandaríkjunum. Það þjónar viðskiptavinum á mörkuðum eins og umbúðum, innviðum, hreyfanleika og neytendaforritum. Dow starfar sem eignarhaldsfélag fyrir The Dow Chemical Group og samsteypu dótturfélög þess.
- InfraPark er félag með skráð lögheimili í Delaware (Bandaríkjunum) sem endanlega lýtur yfirráðum Macquarie. Macquarie er fjármálasamstæða sem annast eignastýringu og fjármögnun, bankastarfsemi, ráðgjöf og áhættu- og fjármagnslausnir á sviði skulda, eignastýringar og verslunarvöru fyrir viðskiptavinum og hefur höfuðstöðvar í Ástralíu.
- InfraCo er rekstrarfélag með áherslu á innviði, sem samanstendur af framleiðslustöðum og leiðslum í Texas og Louisiana sem tengjast orku (t.d. dreifingu jarðgass og iðnaðargass, orku- og gufufframleiðslu) og umhverfisþjónustu (t.d. hreinsun vatns og frárennslis, dreifikerfi ferskvatns og kælivatns) og grunnvirkisþjónustu svæðisins.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 10.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11855 – MACQUARIE/DOW/DOW INFRACO JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11457 – HPE/JUNIPER)

2025/EES/1/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. ágúst 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11457. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11488 – NEXANS/GRUPPO LTC)

2025/EES/1/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. júní 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11488. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11669 – SHELL GROUP/PAVILION)

2025/EES/1/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11669. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11679 – APOLLO/CLESSIDRA/HUMAN COMPANY/HU HOLDING JV)

2025/EES/1/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11679. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11724 – SCHWENK/GOLDBECK/CONFINITY JV)

2025/EES/1/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11724. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11765 – SEGRO/PSPIB/REGENSBURG ASSET)

2025/EES/1/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11765. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11770 – TPG/GA/MR MALLOUK/CREATIVE PLANNING)

2025/EES/1/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11770. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjóttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í Bandalaginu

2025/EES/1/17

Breytingar á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Strassborg–Amsterdam
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. janúar 2025
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvöðina	Tilskipun frá 30. apríl 2024 um almannaðjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug milli Strassborgar og Amsterdam NOR: TREA2411226A (samsteypt útgáfa frá 28. nóvember 2024) http://www.legifrance.gouv.fr/initRechTexte.do Nánari upplýsingar veitir: Direction Générale de l’Aviation Civile DTA/SDS1 50 rue Henry Farman 75720 Paris CEDEX 15 FRANCE Bréfsími: +33 158094321

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í Bandalaginu**

2025/EES/1/18

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Strassborg–Amsterdam
Gildistími samningsins	Frá 20. júní 2025 til 8. apríl 2028
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	Hinn 20. febrúar 2025, fyrir kl. 17.00 að staðartíma í París (Frakklandi)
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar	Direction Générale de l'Aviation civile Direction du transport aérien Sous-direction des services aériens (SDS1) 50 rue Henry Farman 75720 Paris CEDEX 15 FRANCE Bréfsími: +33 388594141 Bréfasími: +33 388594146 Netfang: https://www.ecologie.gouv.fr Upplýsingar um kaupandann: https://www.marches-publics.gouv.fr

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti sem gilda frá 1. janúar 2025

2025/EES/1/19

Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 ⁽¹⁾

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta ([Stjtið. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6](#)). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunarvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Vextir sem hafa breyst eru feitletraðir.

Fyrri tafla var birt í [Stjtið. ESB C, C/2024/7101, 25.11.2024](#)

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.1.2025		2,71	2,71	2,75	2,71	3,69	2,71	2,95	2,71	2,71
1.12.2024	31.12.2024	3,45	3,45	3,15	3,45	3,96	3,45	3,44	3,45	3,45
1.11.2024	30.11.2024	3,45	3,45	3,15	3,45	3,96	3,45	3,44	3,45	3,45
1.10.2024	31.10.2024	3,45	3,45	3,91	3,45	4,68	3,45	4,29	3,45	3,45
1.9.2024	30.9.2024	4,11	4,11	3,91	4,11	4,68	4,11	4,29	4,11	4,11
1.7.2024	31.8.2024	4,11	4,11	3,91	4,11	4,68	4,11	4,29	4,11	4,11
1.4.2024	30.6.2024	4,11	4,11	3,91	4,11	5,56	4,11	4,29	4,11	4,11
1.1.2024	31.3.2024	4,11	4,11	3,91	4,11	6,64	4,11	4,29	4,11	4,11
1.11.2023	31.12.2023	3,64	3,64	3,31	3,64	7,43	3,64	4,17	3,64	3,64
1.9.2023	31.10.2023	3,64	3,64	2,73	3,64	7,43	3,64	4,17	3,64	3,64
1.8.2023	31.8.2023	3,64	3,64	2,73	3,64	7,43	3,64	3,54	3,64	3,64
1.7.2023	31.7.2023	3,64	3,64	2,15	3,64	7,43	3,64	3,54	3,64	3,64
1.6.2023	30.6.2023	3,64	3,64	2,15	3,64	7,43	3,64	3,54	3,64	3,64
1.5.2023	31.5.2023	3,06	3,06	1,80	3,06	7,43	3,06	3,54	3,06	3,06
1.4.2023	30.4.2023	3,06	3,06	1,51	3,06	7,43	3,06	3,54	3,06	3,06
1.3.2023	31.3.2023	3,06	3,06	1,10	3,06	7,43	3,06	2,92	3,06	3,06
1.2.2023	28.2.2023	2,56	2,56	0,79	2,56	7,43	2,56	2,92	2,56	2,56
1.1.2023	31.1.2023	2,56	2,56	0,36	2,56	7,43	2,56	2,92	2,56	2,56

Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU
1.1.2025		2,71	2,71	2,71	2,71	6,21	2,71	2,71	2,71	2,71
1.12.2024	31.12.2024	3,45	3,45	3,45	3,45	7,14	3,45	3,45	3,45	3,45
1.11.2024	30.11.2024	3,45	3,45	3,45	3,45	7,14	3,45	3,45	3,45	3,45
1.10.2024	31.10.2024	3,45	3,45	3,45	3,45	7,14	3,45	3,45	3,45	3,45
1.9.2024	30.9.2024	4,11	4,11	4,11	4,11	7,14	4,11	4,11	4,11	4,11
1.7.2024	31.8.2024	4,11	4,11	4,11	4,11	7,14	4,11	4,11	4,11	4,11
1.4.2024	30.6.2024	4,11	4,11	4,11	4,11	8,72	4,11	4,11	4,11	4,11
1.1.2024	31.3.2024	4,11	4,11	4,11	4,11	11,22	4,11	4,11	4,11	4,11
1.11.2023	31.12.2023	3,64	3,64	3,64	3,64	12,79	3,64	3,64	3,64	3,64
1.9.2023	31.10.2023	3,64	3,64	3,64	3,64	15,10	3,64	3,64	3,64	3,64
1.8.2023	31.8.2023	3,64	3,64	3,64	3,64	15,10	3,64	3,64	3,64	3,64

(1) Stjtið. ESB L 140, 30.4. 2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 35, 19.6.2008, bls. 265.

1.7.2023	31.7.2023	3,64	3,64	3,64	3,64	15,10	3,64	3,64	3,64	3,64
1.6.2023	30.6.2023	3,64	3,64	3,64	3,64	15,10	3,64	3,64	3,64	3,64
1.5.2023	31.5.2023	3,06	3,06	3,06	3,06	15,10	3,06	3,06	3,06	3,06
1.4.2023	30.4.2023	3,06	3,06	3,06	3,06	15,10	3,06	3,06	3,06	3,06
1.3.2023	31.3.2023	3,06	3,06	3,06	3,06	15,10	3,06	3,06	3,06	3,06
1.2.2023	28.2.2023	2,56	2,56	2,56	2,56	15,10	2,56	2,56	2,56	2,56
1.1.2023	31.1.2023	2,56	2,56	2,56	2,56	15,10	2,56	2,56	2,56	2,04

Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2025		2,71	2,71	2,71	5,73	2,71	5,67	2,49	2,71	2,71	5,35
1.12.2024	31.12.2024	3,45	3,45	3,45	5,68	3,45	6,56	2,78	3,45	3,45	5,65
1.11.2024	30.11.2024	3,45	3,45	3,45	5,68	3,45	6,56	3,52	3,45	3,45	5,65
1.10.2024	31.10.2024	3,45	3,45	3,45	5,68	3,45	6,56	3,52	3,45	3,45	5,65
1.9.2024	30.9.2024	4,11	4,11	4,11	5,68	4,11	6,56	3,52	4,11	4,11	5,65
1.7.2024	31.8.2024	4,11	4,11	4,11	5,68	4,11	6,56	4,28	4,11	4,11	5,65
1.4.2024	30.6.2024	4,11	4,11	4,11	5,68	4,11	6,56	4,28	4,11	4,11	5,65
1.1.2024	31.3.2024	4,11	4,11	4,11	5,68	4,11	6,56	4,28	4,11	4,11	5,65
1.11.2023	31.12.2023	3,64	3,64	3,64	6,35	3,64	7,05	3,82	3,64	3,64	5,09
1.9.2023	31.10.2023	3,64	3,64	3,64	7,62	3,64	7,05	3,82	3,64	3,64	5,09
1.8.2023	31.8.2023	3,64	3,64	3,64	7,62	3,64	7,05	3,82	3,64	3,64	4,24
1.7.2023	31.7.2023	3,64	3,64	3,64	7,62	3,64	8,31	3,82	3,64	3,64	4,24
1.6.2023	30.6.2023	3,64	3,64	3,64	7,62	3,64	8,31	3,21	3,64	3,64	4,24
1.5.2023	31.5.2023	3,06	3,06	3,06	7,62	3,06	8,31	3,21	3,06	3,06	4,24
1.4.2023	30.4.2023	3,06	3,06	3,06	7,62	3,06	8,31	3,21	3,06	3,06	3,52
1.3.2023	31.3.2023	3,06	3,06	3,06	7,62	3,06	8,31	2,96	3,06	3,06	3,52
1.2.2023	28.2.2023	2,56	2,56	2,56	7,62	2,56	8,31	2,44	2,56	2,56	2,77
1.1.2023	31.1.2023	2,56	2,56	2,56	7,62	2,56	8,31	2,44	2,56	2,56	2,77

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur
flugþjónustu í Bandalaginu**

2025/EES/1/20

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Slóvakía
Flugleið	Bratislava (LZIB / BTS) – Košice (LZKZ / KSC) (báðar leiðir)
Gildistími samningsins	Frá 30. mars 2025 til 30. október 2027
Frestur til að skila tilboðum	20. febrúar 2025
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útboðið og almannajónustukvaðirnar	Ministry of Transport of the Slovak Republic P.O.Box 100 810 05 Bratislava SLOVAKIA Netfang: AviationPSO@mindop.sk Sími: +421 259494744 Vefsetur: https://www.mindop.sk/ministerstvo-1/doprava-3/civilne-letectvo/letecka-doprava/PSO